

Fundargerð 340. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2011, föstudaginn 19. ágúst kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Már Sveinbjörnsson og Guðmundur Kristjánsson í forföllum Ólafs Arnar Ólafssonar. Í símasambandi voru Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Skúli Þórðarson og Steinþór Pétursson. Guðný Sverrisdóttir var fjarverandi vegna sumarleyfis.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 339. fundar - 1101001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 339. fundar frá 9. júní 2011.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

2. Hafnafundur 2011 - 1105001HA

Lögð fram drög að dagskrá 5. hafnafundar sem haldinn verður í Reykjavík 16. september 2011.

Dagskráin var staðfest og formanni og starfsmanni HÍ falið að ganga endanlega frá dagskráratriðum og sjá um framkvæmd fundarins.

3. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Lögð fram drög formanns að ákvæðum um styrki í hafnalögum, dags. 15. ágúst 2011.

Eftir ítarlegar umræður var fulltrúum HÍ í nefnd um endurskoðun hafnalaga falið að hafa drög formannsins og þau sjónarmið sem aðrir stjórnarmenn settu fram sem veganesti í áframhaldandi starfi nefndarinnar.

4. Rekstrarform hafna - 1108001HA

Már Sveinbjörnsson lagði fram og gerði grein fyrir minnisblaði frá innanríkisráðuneytinu, dags. 17. ágúst 2011, um rekstrarform hafna.

Samþykkt var að senda minnisblaðið til aðilarhafna HÍ og vekja sérstaka athygli á niðurstöðu minnisblaðsins þar sem kemur fram að endurskoða þurfi væntanlega hafnarreglugerðir margra hafna "með það að markmiði að skýrt sé hvort höfn sé rekin sem höfn með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags eða höfn án sérstakrar hafnarstjórnar í eigu sveitarfélags"

Fundi var slitið kl. 12:10.

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Már Sveinbjörnsson

Ólafur Örn Ólafsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

ritari